



Fundargerð stjórnar

4. fundur

Föstudaginn 8. september 2006 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins í Framsóknarhúsinu á Sauðárkróki kl 13.15. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Stjórnarformaður, Bjarni Maronsson setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Svæðisáætlun um eyðingu sorps.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Gunnari Svavarssyni sérfræðingi hjá Línuhönnun þar sem fram kemur að vinna hefur nú staðið yfir við gerð svæðisáætlunar fyrir Norðurá bs frá því í júní í ár, en þó ekki með fullum þunga fyrr en nú nýlega. Þar kemur einnig fram að sendar voru út fyrirspurnir til umsjónaraðila urðunarstaðna þriggja um mælingar á úrgangi, meðhöndlun úrgangs, flokkun og fleiri þætti og hafa borist svör frá þeim til Línuhönnunar. Í minnisblaðinu er einnig greint frá því að í tilvonandi skýrslu verði bent á leiðir sem helst koma til greina varðandi meðhöndlun úrgangs, flokkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun auk aðferða til að draga úr úrgangsmýndun. Málið var til kynningar og ákveðið að fylgja gerð áætlunarinnar eftir en stefnt er að því að henni ljúki að mestu í septembermánuði.

2. Staða verkefnis verkfræðistofunnar Stapa.

Ómar Bjarki Smáráson ráðgjafi var í símasambandi á fundinn og fór yfir stöðu verkefnisins. Fram kom að ekki hefur verið haldið áfram við undirbúning að sameiginlegum urðunarstað síðan á síðasta fundi stjórnar. Samkomulag var um að halda verkefninu í þeirri stöðu þar til svæðisáætlun hefur verið unnin og stefna mótuð, í ljósi breyttra aðstæðna.

3. Bréf Blönduóssbæjar.

Fyrir fundinum lá bréf Blönduóssbæjar um framkvæmda og tímaáætlun Norðurár bs. þar sem spurst er fyrir um kostnað og tímaáætlanir. Samþykkt að fela Gunnari Braga að svara erindinu.

4. Ársfundur

Tekið var til umfjöllunar með hvaða hætti skuli standa að ársfundi Norðurár bs. Samþykkt að boða til fundar fyrir lok nóvembermánaðar. Einnig samþykkt að beina því til sveitarfélaganna að tilnefna fulltrúa í stjórn skv. samþykktum en miðað verði við að ný stjórn taki við á ársfundi. Rætt var um helstu verkefni ársfundar en samþykkt að vinna að frekari mótun hugmynda og taka saman stöðu mála áður en málefnum fundarins verði stillt upp.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 15.00

Bjarni Maronsson

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson